

UM HELGINA

Kjarvalsstaðir

Fjórar sýningar

Hvorki fleiri né færri en fjórar listsýningar verða opnaðar að Kjarvalsstöðum um helgina. Gefur þar að líta erlendar ljósmyndir, höggmyndir úr íslensku grjóti, málverk og skúlpúra úr leir og bronsi.

Í Austursal verða sýndar myndir eftir bandaríska ljósmyndarann Margaret Bourke-White sem uppi var á árunum 1904-71. Hún vakti fyrst athygli sem ljósmyndari með myndum úr bandaríska þungaiðnaðinum sem þóttu óvenjulegar. Bourke-White starfaði við tímaritið Life frá stofnun þess og átti ma. fyrstu forsíðumynd þess.

Bourke-White lét eftir sig u.þ.b. 20 þúsund ljósmyndir en af þeim verða 190 sýndar að Kjarvalsstöðum á sýningu sem haldin er á vegum Ljósmyndasafnsins, Menningarstofnunar Bandaríkjanna og Kjarvalsstaða.

Elstu myndirnar á sýningunni eru frá árunum 1930-32 en þá dvaldist Bourke-White í Sovét-

ríkti í þá daga. Árið 1938 er hún í Tékkóslóvakíu og myndar stolta og frjálsa Tékkka sem nokkrum mánuðum síðar lutu ofurvaldi nasismans.

Í stríðinu myndaði hún óspart og lagði sig í ýmsar hættur til að ná myndum af óhugnaði stríðsins. Hún tók þátt í sprengjuflugi Bandamanna yfir Þýskalandi og í apríl 1945 var hún í för með hersveitum Pattons sem lögðu undir sig útrýmingarbúdir nasista í Buchenwald. Þaðan fór hún til Leipzig og lagði á sig mikið erfiði við að sanna fyrir heiminum að Buchenwald hafi ekki verið nein undantekning.

Eftir stríð fór hún til Indlands og tók ma. myndir af Mahatma Gandhi sem hlutu heimsfræð. Árið 1950 fór Bourke-White til Suður-Afríku og lýsti kjörum blökkumanna í áhrifamiklum myndum. Síðustu myndirnar á sýningunni eru frá Kóreustríðinu. Auk þessa eru á sýningunni fjöldi mynda sem hún tók í Bandaríkjunum.



Kristjana Samper horfir hér í gegnum einn skúlpúrin. (Mynd: E.Ól.)

ingur, Páll Guðmundsson frá Húsafelli, höggmyndir úr íslensku grjóti. Grjótið er tvenns konar, en allt komið úr gili fyrir ofan bæinn að Húsafelli. Það er hefð fyrir því í ætt Páls að vinna úr þessu grjóti því forfeður hans, feðgarnir Jakob Snorrason og Þorsteinn sonur hans, voru frægir legsteinasmiðir á öldinni sem leið. Myndir sínar vinnur Páll með meitli og slaghamri og jafnvel vírbursta. Fyrirmyndir mótar hann í svonefndan deiglu-mó sem finnst í öðru gili við Húsafell.

Á sýningunni eru 23 verk. Páll lærði myndlist við Myndlistarskólann í Reykjavík og var aðal-kennari hans Björgvin Sigurgeir Haraldsson. Hann hefur haldið nokkrar einkasýningar í Reykjavík og Borgarfirði og tekið þátt í einni samsýningu.

Leir, brons og olía

Vestursalnum skipta tvær stóllur á milli sín. Kristjana Samper og Rut Rebekka Sigurjónsdóttir eru jafnöldur en þekkjast þó ekkert. List þeirra er líka æði ólík.

Kristjana gerir skúlpúra, flestir eru úr leir og brenndir með mis-munandi tækni en einn er úr bronsi. Verkin eru flest frá síðustu tveimur árum og unnin í vinnustofu Kristjónu í Kópavogi. Hún hefur aldrei sýnt verk sín áður hér á landi en tók þátt í samsýningum í Bandaríkjunum meðan hún var þar við nám.

Kristjana stundaði fyrst nám í Myndlistarskólanum árið 1962-3 en á árunum 1975-79 var hún í Myndlista- og handíðaskólanum. Síðan var hún einn vetur við háskólann í Arizona í Bandaríkjunum.

Rut Rebekka stendur á fertugu eins og Kristjana og sýnir 42 myndir í hinum helmingi Vest-

ursalar. Flestar myndanna eru olíumálverk en einnig sýnir hún nokkur silkiprykk. Olíumálverkin skiptast í tvennt: náttúru-

kvenímyndir eru því síðan í stríði eða svo“, sagði Rut.

Rut Rebekka hóf námsferil sinn í Myndlistarskólanum eins




Ekaterina Drjúgasvili, móðir Jóseps Stalín. Myndina tók Margaret Bourke-White árið 1932.

ríkjunum og myndaði mannlífið, ekki síst iðnverkafólk en einnig alþýðufólk og fyrrmenn á borð við Stalín og móður hans. 1936 var hún við myndatökur í suður-ríkjum Bandaríkjanna og þykir lýsa vel þeirri örbirgð sem þar

Sýningin ber heitið „Mannlegt sjónarmið“ og verður eins og hin- ar þrjár opin til 10. mars.

Hefð í grjóti

Á ganginum fyrir framan Austursal sýnir ungur Borgfirð-



Rut Rebekka Sigurjónsdóttir með olíumálverk sín í bakgrunni. (Mynd: E.Ól.)

stemmingar og konuímyndir. Þær síðastnefndu eru sóttar í hattabúð sem lengi hefur verið starfrækt á horni Hverfisgötu og Klapparstígs. „Gínuhöfuðin með kvenhattana eru mér í barnsminni og ég mála þau eins og þau voru á æskuárum mínum. Þessar

og Kristjana og lauk síðan við MHÍ árið 1982. Hún hefur tekið þátt í tveim samsýningum, hér heima og í Kaliforníu, og haldið tvær einkasýningar, aðra í Mosfellssveit en hina í Viborg í Danmörku.

— PH



Páll Guðmundsson við eina höggmynd sína. (Mynd: E.Ól.)